


Félagsvinurinn

Ungmennafélag Öraefa er að gefa út rit í tveimur heftum sem heitir Félagsvinurinn. Það geymir valið efni úr handskrifuðu blaði sem kom út á vegum félagsins á árunum 1937-1962. Þar eru hátíðlegar greinar, ferðasögur, ljóð, frásagnir af ýmsum toga, skrytlur, þrautir og þýddar sögur. Allt á litríku og vönduðu máli. Kápumynd er eftir Jón Þorleifsson frá Hólum og í bókunum eru allmargar myndir úr atvinnu- og menningarlífi Öraefinga. Verðið á ritinu er: 3.900.-

Þeim sem áhuga hafa á að eignast Félagsvinurinn er bent á að hann verður til sölu í Skaftfellingabúð miðvikudaginn 10. des. og mánudaginn 15. des. frá kl. 20 til 22.

Einnig getur fólk haft samband við:

- Gunnþóru Gunnarsdóttur, Otrateigi 16, Reykjavík s. 588 4005, netfang: gun@bakkar.is,
- Svavar Sigurjónsson, Ástúni 3, Kópavogi, s. 824 6311, netfang: svavar@fjolhonnun.is,
- Hafðisi Roysdóttur, Svinafelli, s. 478 7636, netfang: hafdisdk@hotmail.com,
- Sigrúna Sigurgeirsdóttur s. 478 1656 netfang: sigrun.s@simnet.is,
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar s. 470 8050 netfang: gudny@hornafjordur.is.



Stjórn félagsins 2003 - 2004

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Ásgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	692 5127
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

MUNIÐ AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLAÐANNA

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Helga Guðmundssonar til allrar veisluþjónustu um helgar (s. 820 4381). Helgi rekur auk þess Póstbarinn í Pósthússtræti. Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.

Netfangasöfnun!

Félagmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: skaftfellingar@simnet.is

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

4. tbl. desember 2003

- **Aðventustund**
7. desember 2003, kl. 15



- **Jólahugvekja**
Hr. Sigurbjörn Einarsson
biskup



- **Spilakvöld**
14. janúar 2004
28. janúar 2004
11. febrúar 2004
25. febrúar 2004



- **Íslandsmeistaramót í Hornafjarðarmanna**
30. janúar 2004

- **Þorablót Hornfiröinga**
31. janúar 2004



- **Þorablót Skaftfellinga**
21. febrúar 2004



- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00



Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthaf ef viðtakandi er fluttur

Aðventustund

Söngfélag Skaftfellinga
stendur fyrir aðventustund með kórsöng,
upplestri og hljóðfærslætti
sunnudaginn 7. desember 2003
í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178
og hefst samkoman kl. 16:00

Sr. Sigrún Óskarsdóttir
sóknarprestur í Árbæjarsókn
les jólasögu

Gengið verður kringum jólatré



Kaffiveitingar

Aðgangur kr. 700 fyrir fullorðna

Vegna dræmrar þátttöku undanfarin jól hefur stjórn Skaftfellingafélagsins ákveðið að fella niður jólatrésskemmtunina að þessu sinni. Stjórnin hvetur þess í stað félagmenn til að fjölmenna á aðventustundina.



**Skaftfellingafélagið í Reykjavík óskar félagsmönnum
og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og friðar.**

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið halda áfram sameiginlegum spila-kvöldum eftir áramótin. Spiluð verður framsóknarvíst í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

Eftir áramót:
14. jan. – 28. jan. – 11. feb. – 25. feb.
Kaffiveitingar. Verð kr. 700.

Þorralót Skaftfellinga

Laugardaginn 21. febrúar 2004 er áformað að halda þorralót Skaftfellingafélagsins. Fyrirkomulag verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Þorralót Hornfirðinga

Þorralót Hornfirðinga verður haldið í Ásgarði, Glæsibæ, laugardaginn 31. janúar 2004.
Grétar Örvars & Sigga Beinteins sjá um að halda öllum á dansgólfinu.
Nánari upplýsingar hjá Eymundi Sigurðssyni (eym@lv.is) 892 8495.

Íslandsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna

Undankeppni verður haldin í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178, föstudagskvöldið 30. janúar 2004, kl. 20:00.

BÚMENN hsf auglýsa íbúðir

Þann 15. nóvember 2002 tók Jón Helgason fv. ráðherra fyrstu skóflustungu að parhúsi sem húsnæðissamvinnufélagið Búmenn byggðu á Kirkjubæjarklaustri. Íbúðirnar sem eru við Túngötu 2 og 4 voru síðan afhentar eigendum sínum þann 9. júlí 2003. Búmenn áforma að byggja alls 6 íbúðir á staðnum. Til sölu er búseturéttur í 2 íbúðum til viðbótar í parhúsi við Túngötu 6 og 8 á Kirkjubæjarklaustri. Íbúðirnar verða um 90 fm. og fylgja um 12 fm. garðskálar íbúðunum. Gert er ráð fyrir að íbúðirnar verði til afhendingar í ágúst 2004.
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 eða í síma 552-5644 milli kl. 9-15. Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

Búmenn hsf.

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.

Skorað er enn og aftur á hressa og spræka Skaftfellinga að reima á sig skóna og ánetjast þessum ágætu gönguferðum í félagsskap Skaftfellinga.
Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 6.12: Elliðaárdalur – gamla rafstöð
- 10.12: Laugardalur – sundlaug
- 13.12: Miðbær – Hallgrímskirkja kl. 17
- 17.12: Miðbær – Miðbakk
- 20.12: Heiðmörk – Furulundur

Jólaskálm eftir þörfum.



- 3.1: Garðabær – sundlaug
- 7.1: Ægisíða – Vesturbæjarlaug
- 10.1: Grafarvogur – sundlaug
- 14.1: Kópavogur – Fifan íþróttahús
- 17.1: Arnarnes – sundlaug Garðabæjar
- 21.1: Árbæjarlaug
- 24.1: Grafarvogur – Egilshöll
- 28.1: Hafnarfjörður – v/kirkjugarð
- 31.1: Mosfellsbær – Álafoss
- 4.2: Nauthöll
- 7.2: Álftanes – Garðakirkja
- 11.2: Hafnarfjörður – v/Fjarðarkaup
- 14.2: Heiðmörk – Furulundur

Skálmur hafa það fyrir sið að leita að besta súkkulaðibollanum. Hágæða súkkulaði fannst síðast í Hafnarfirði og stefnt er að því að líta aftur við á þeim bæ fljótlega.




Skálm fyrir alla!
...líka snjókalla...

Jólahugvekja hr. Sigurbjörns Einarssonar

Kæru Skaftfellingar. Gleðileg jól.
Loksins koma jólin sjálf eftir alla þá fyrirboða þeirra, sem nú hafa hertekið skammdegið frá vetrarbyrjun. Þeir þjóna reyndar að mestu leyti öðru en jölunum sjálfum.
Hver eru þau sjálf?

Við vitum hvar þau eiga heima í almanakinu. Og jólagjafirnar verða ekki teknar upp fyrr en hátíðin er komin samkvæmt klukku og almanaki. Þá kemur sú gleði, sem á að vera fólgin í jólagjöfunum. Til hamingju með þá gleði. Ekki fer hún eftir því, hvað gjöfin var mikið auglýst eða kostaði mikla peninga. Og gleðin sjálf eða það að geta glaðst er gjöf, sem er öldungis óborganleg. Hvaðan er hún? Jólin sjálf vilja minna á það. Jólin koma á sama tíma til allra. En þau sækja misjafnlega að. Þeir eiga gott, sem njóta þess, að engin ytri atvik eða aðstæður varpa skugga á þau. Það er mikil gjöf. Hverjum er hún að þakka? Hvernig er hægt að þakka hana? Eitt nærtækt ráð til þess er það að láta ástvini sína finna, að maður sé þakklátur fyrir að eiga þá og fá að hafa þá hjá sér. Jólin sjálf eru gjöf, sem veitir tækifæri til þess að styrkja helgu böndin milli þeirra, sem eiga nánasta samleið í lífinu. Þau eiga þá gjöf handa hjónum, að þau verði hlýrri hvort við annað og megni að veita hvort öðru meiri gleði og gæfu. Og jólin gefa móður og föður tækifæri til þess að gefa barninu sínu dýrmæta minningu, sem bregður birtu yfir ófarinn veg. Þegar skáldið mikla, séra Matthías, rifjar upp, hvernig móðir hans örsnauð talaði við barnahópinn sinn um frelsarann og jólagleði hans, segir hann: "Himnesk birta skein í okkar sál". Sú birta skildi aldrei við hann, hverju svo sem hann átti að mæta. Jólin eru tækifæri fyrir þig til þess að gefa barninu þínu hið sama: Himneska birtu, sem varðveitir og blessar sál þess til hinstu stundar.

Jólin koma líka þar, sem skuggar hvíla yfir. Víða eru sár og harmar. Jólin sjálf eiga sérstakt erindi þangað. Aldrei gleymi ég því, sem kona sagði við mig fyrir mörgum árum. Hún hafði orðið fyrir þyngstu sorg rétt fyrir jól. Áður en hátíðin var liðin sagði hún: "Nú fyrst finnst mér ég vita, hvað orðin þýða: í myrkrum ljómar lífsins sól". Þetta vilja jólin sjálf gefa öllum, sem syrgja eða eiga bággt af öðrum orsökum. Og það skaltu muna, að sá eða sú, sem þú saknar, á þá eina jólaósk handa þér, að þú getir glaðst á þessum jölum, þrátt fyrir allt, og að þú getir horft við framtíðinni í von og trú. Jólin sjálf láta okkur sjá "ljómann dýrðar bak við hel". Það er þeirra gjöf.



Nú er ég búinn að segja lítið eitt af miklu, sem hægt er að segja um jólin sjálf, vel vitandi, eins og þú, að þau eru ekkert sjálf. Þau eru návist engla, sem eru glaðir og syngja og boða mikinn fögnuð, afar mikla gleði. Þau eru návist þess frelsara, sem gleður englana og er fögnuður allrar tilveru. Þau eru vitjun þess Guðs, sem er eilíf ást. Þetta fáum við að reyna, ef við hljóðnum og lofum heilögum áhrifum að komast að og gefa jólin sjálf. Þau jól eru sannarlega gleðileg.

Sigurbjörn Einarsson

Gledileg jól